



Reykjavíkurborg
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 24. september 2019
R19090268

Borgarráð

Starfshópur um farartækjafloata Reykjavíkurborgar

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um farartækjafloata Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að gera tillögur varðandi rekstrarfyrirkomulag, stjórnun og þjónustu fyrir bíla í eigu eða leigu Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um farartækjafloata Reykjavíkurborgar.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um farartækjaflota Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:**Hlutverk:**

Hlutverk starfshópsins er að gera tillögur varðandi rekstrarfyrirkomulag, stjórnun og þjónustu fyrir bíla í eigu eða leigu Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni:

- Greining á þörf fyrir fjölda ferða og þar með fjölda farartækja og bíla fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar.
- Tillögur um fjölda farartækja í bílaflota Reykjavíkurborgar og tegund þeirra.
- Tillögur um fjármögnun og eigna- og/eða leigufyrirkomulag.
- Útfærsla í fjárfestingaráætlun og skilgreining á hlutverki eignaskrifstofu kjarnasviðs fjármála og áhættustýringar ef um eignaform verður að ræða.
- Tillögur um stjórnun og þjónustu fyrir bíla og önnur farartæki í eigu eða leigu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. innviðum fyrir rekstur flotans.
- Starfshópurinn skal taka mið af innkaupastefnu Reykjavíkurborgar og umhverfissjónarmiðum við gerð tillagna.

Starfshópin skipa:

Óli Jón Hertervig skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður).
Daniela Katarzyna Zbikowska skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Óskar J. Sandholt sviðsstjóri kjarnasviðs þjónustu og nýsköpunar.
Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða.
Fulltrúi kjarnasviðs fjármála og áhættustýringar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu, þ.m.t. stærstu notendur bíla og farartækja í starfsemi Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok nóvember 2019.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson